Verkmenntaskólinn á Akureyri
Ársskýrsla 2018

Verkmenntaskólinn
á Akureyri

Inngangur

Ársskýrsla þessi er unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) og er jafnframt yfirlit yfir hlutverk, markmið og það helsta sem unnið hefur verið að í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) á árinu 2018. Greint verður frá því hvernig skólinn hefur unnið að þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér en einnig er gert grein fyrir hlutverki skólans og ýmsum tölulegum upplýsingum er varða skólann og það starf sem þar var unnið á árinu. Skýrsla þessi er lögð fram í maí 2019. Skýrslan er unnin af stjórnendum skólans og er birt á vef hans. Myndir í þessari skýrslu eru fengnar af fréttasíðu skólans.

Hlutverk og skipulag skólans

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk VMA að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi svo að hann verði sem best búin undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Fjölbreytni í námsframboði og breidd nemendahópsins eru ein sterkustu sérkenni VMA. Gildi og einkunnarorð skólans endurspegla þá áherslu en þar segir m.a. að nemendur séu hornstein skólans. Markmið með námi þeirra í VMA er að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, líði vel, tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni sem fylgir þeim út í lífið til frekara náms eða út í atvinnulífið.

Við skólann fer fram kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, listnámsbrautum, brautarbrú, iðnnámsbrautum og til starfsréttinda ásamt starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir. Fjölbreytt fjarnám er við skólann ásamt meistaraskóla fyrir iðnsveina.
Skólinn er áfangaskóli og eru námsbrautir byggðar upp samkvæmt námsbrautarlýsingum úr eldri og nýjum námskrám en árið 2018 er síðasta árið sem unnið er eftir eldri námsskrám.

Á haustönn 2015 hófst kennsla í VMA samkvæmt nýjum brautarlýsingum á stúdentsprófsbrautum og hafa þær brautir fengið samþykki frá MRN. Nám á iðn- og starfsnámsbrautum eru settar upp samkvæmt námskrám í viðkomandi greinum. Ýmsir bóklegir áfangar og meistaraskóli fyrir iðnmeistara eru kenndir í fjarnámi. Einnig var í boði lotunám í pípulögnum, matartækni og matreiðslu á árinu.

Á haustönn 2018 innritaðist fyrsti nýneminn á fjölgreinabraut með tónlistarnámi til stúdentsprófs en námið er unnið í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri. Nemendur sem velja að taka fjölgreinabraut með tónlistarnámi eru skráðir í Tónlistarskólann á Akureyri og munu því bæði stunda nám til stúdentsprófs í VMA og Tónlistarskólanum. Á fjölgreinabraut VMA er því opin leið fyrir nemendur að sameina tónlistarnám og nám til stúdentsprófs.

Námsframboð

Nám til stúdentsprófs (200 einingar):

- **Félags- og hugvísindabraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði félags- og hugvísinda. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á félags- og hugvísindagreinar og góðan undirbúning fyrir háskólanám m.a. á sviði félags- og hugvísinda.
- **Fjölgreinabraut.** Á brautinni taka nemendur breiðan brautarkjarna sem inniheldur m.a. náttúrulæsi, menningarlæsi og lokaverkefni auk kjarnagreina. Brautin er skipulögð sem undirbúningur fyrir háskólanám í þeim greinum sem nemendur kjósa að sérhæfa sig í.
- **Íþrótta- og lýðheilsubraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði íþrótta- og heilsufræða. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á fjölbreyttar íþróttagreinar, íþróttafræði, starfsþjálfun, stjórnun og tölfræði. Brautin er skipulögð sem góður undirbúningur fyrir háskólanám m.a. í lýðheilsufræði, heilbrigðisgreinum, þjálffræði, tómstundafræði og skyldum greinum.
- **Listnáms- og hönnunarbraut (myndlistarlína)**. Á brautinni er lagður grunnur að listiðkun og frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Menntun á listnáms- og hönnunarbraut á að stuðla að eflingu sköpunargáfu og veita góðan grunn fyrir nám í öllum skapandi greinum sem tengjast manngerðu umhverfi, skemmtana-, tölvu-, tísku- og listheimi. Auk þessa stunda nemendur almennt bóklegt nám.
- **Listnáms- og hönnunarbraut (textíllína)**. Á brautinni er lagður grunnur að listiðkun og frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Á textíllínu er áhersla lögð á listgreinar á sviði textílhönnunar og sérstaklega yfirborðshönnun efna. Auk þessa stunda nemendur almennt bóklegt nám.

- **Náttúruvísindabraut.** Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði náttúruvísinda. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á raungreinar s.s. efnafræði, líffræði, eðlisfræði og jarðfræði auk stærðfræði. Brautin er skipulögð sem undirbúningur fyrir háskólanám m.a. á sviði heilbrigðis- og raunvísinda.
- **Viðskipta- og hagfræðibraut**. Brautinni er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á sviði viðskipta- og hagfræðigreina. Auk kjarnagreina er lögð áhersla á viðskipta- og hagfræðigreinar s.s. bókfærslu, hagfræði og stjórnun og góðan undirbúning fyrir framhaldsnám í háskóla í viðskiptafræðum, hagfræði og skyldum greinum.
- **Viðbótarnám til stúdentsprófs.** Námið er ætlað nemendum í iðn- og starfsnámi og þeim sem lokið hafa slíku námi. Nemendur geta tekið áfanga til stúdentsprófs með iðn- og verknáminu eða bætt stúdentsprófsáföngum við að loknu því námi.
- **Brautabrú** er ætluð nemendum sem eru óráðnir í námsvali eða hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri í kjarnagreinum grunnskóla. Brautin hefur það markmið að vekja áhuga nemenda á námi í framhaldsskóla og styrkja námshæfni þeirra m.a. með það fyrir augum að nemendur komist inn á aðrar námsbrautir framhaldsskólans.

Þrívíddarlistaverk nemenda á listnámsbraut

- **Starfsbraut**. Nám á starfsbraut er fjögur ár en þar sem námið er einstaklingsmiðað geta áherslur og þátttaka í áföngum verið mismunandi á tímabilinu. Námið á brautinni er blanda af bóklegu og verklegu námi. Náminu er skipt í kjarna og val og leitast er við að hafa námið sem fjölbreyttast og þverfaglegt. Í kjarna eru skylduáfangar brautarinnar. Valáfangar taka mið af því sem almennt er í boði í skólanum hverju sinni ásamt því sem reynt er að koma til móts við áhuga, þarfir og óskir nemenda með starfsbrautaráföngum s.s á sviði matreiðslu, listnáms, hönnunar, íþrótta, tungumála og upplýsingatækni.

Iðn- og starfsnám:

- **Byggingagreinar - Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina.** Meginmarkmið námsins er að veita nemendum sýn á atvinnugreinarnar og störf innan þeirra. Í lok grunnnámsins eiga nemendur að hafa fengið faglegan grunn til að byggja á áframhaldandi nám. Námið er ein önn en síðan tekur við sérhæfing í þeirri byggingagrein sem nemendur velja t.d. húsasmíði, pípulagnir og múraraiðn. Pípulagnir, málaraiðn og múraraiðn er kennd í lotunámi í VMA en það nám er ekki alltaf í boði.
- **Húsasmíði.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf húsasmiðs. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.
- **Hársnyrtinám - Grunnnám hársnyrtigreina.** Þriggja anna bóklegt og verklegt nám til undirbúnings námi í hársnyrtiiðn.
- **Hársnyrtiiðn.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf hársnyrtis. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár að meðtalinni grunndeild.
- **Matvælanám - Grunnnám matvæla- og ferðagreina.** Námið er ætlað nemendum sem stefna að frekara námi í matvæla- og ferðagreinum. Námið felur í sér almenna menntun þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni. Námið er undirbúningur fyrir iðnnám í matreiðslu, bakstri, framreiðslu og kjötiðn en einnig er það undirbúningur fyrir frekara nám í matartækni og/eða í ferðaþjónustu.
- **Matartæknanám.** Þrepaskipt, bóklegt og verklegt nám sem lýkur með fagprófi matartæknis á 3. námsþrepi. Í VMA er námið yfirleitt skipulagt sem lotunám og flestir nemendur koma í námið eftir raunfærnimat.

Matartæknanám er þrjár annir í skóla ásamt vinnustaðanámi og starfsþjálfun. Matartæknanámið býr nemendur undir matreiðslu og stjórnun í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leik-, grunn- og framhaldsskóla og mötuneytum vinnustaða.

- **Matreiðsla.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf matreiðslumanns. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.
- **Málmiðnir og vélstjórnarnám - Grunnnám málm- og véltæknigreina**. Náminu er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu m.a. á málmsmíði og véltækni. Einnig er lögð áhersla á að þjálfa nemendur til starfa á sem flestum sviðum málm- og véltæknigreina. Brautin er undirbúningur fyrir sérnám m.a. í stálsmíði, vélvirkjun, bifvélavirkjun og vélstjórn. Að lokinni grunndeild velja nemendur sér faggrein eftir áhugasviði.
- **Bifvélavirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf bifvélavirkja. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls þrjú ár.
- **Stálsmíði**. Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf í stálsmíði. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.
- **Vélstjórn**. Nám til vélstjórnar veitir, að uppfylltum skilyrðum um menntun, starfsþjálfun, siglingatíma, aldur og heilbrigði, atvinnuréttindi til starfa um borð í skipum. Námi í vélstjórn er einnig ætlað að veita menntun og þjálfun til að nemendur geti sinnt vélstjórnarstörfum í landi t.d. á sviði orku- og veitufyrirtækja og í iðnaði. Námið er skipulagt í fjórum þrepum eftir því hve víðtæk réttindi eru að námi loknu. Námstími er fimm ár.
- **Rafiðnanám - Grunnám rafiðna.** Náminu er ætlað að veita nemendum góða og almenna þekkingu á rafmagnsfræði og rafeindatækni og að þjálfa þá til starfa á sem flestum sviðum rafiðna. Brautin er undirbúningur fyrir sérnám í rafiðngreinum eins og rafvirkjun og rafeindavirkjun.
- **Rafvirkjun.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf rafvirkja. Að loknu námi í skóla,

starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.

- **Rafeindavirkjun**. Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, faglega og verklega menntun til að takast á við störf rafeindavirkja. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.
- **Sjúkraliðabraut**. Brautinni er ætlað að undirbúa nemendur undir störf við hjúkrun, aðhlynningu, endurhæfingu og forvarnir bæði á heilbrigðisstofnunum og á heimilum fólks þar sem reynir mikið á samskiptafærni og siðferðisvitund starfsmanna. Sjúkraliðanám er þriggja ára nám ásamt starfsþjálfun og getur verið góður grunnur fyrir frekara nám í heilbrigðisvísindum. Náminu lýkur með starfsréttindum.

Nánari upplýsingar um brautir og brautarlýsingar má finna á heimasíðu skólans, sjá flipann námið á heimasíðu skólans. Á vef skólans má einnig sjá áfangalýsingar og námsáætlanir. Áfanga- og brautarlýsingar sem búið er að samþykkja eru í námsskrárgrunni MRN (www.namskra.is).

Nemendafjöldi

Á vorönn 2018 hófu 989 nemendur nám í dagskóla en 270 fjarnámi. Alls 159 nemendur með 172 brottfararskírteini voru brautskráðir í maí. Brottfall á vorönn 2018 í dagskóla var 9,8%.
Á haustönn 2018 hófu 1016 nemendur nám í dagskóla, þar af 222 nýnemar. 304 nemendur hófu nám í fjarnámi, þar af voru 84 nemendur líka í dagsskóla VMA. Alls voru 99 nemendur brautskráðir í desember með 109 brottfararskírteini. Brotthvarf á haustönn 2018 var 9,3%.

Innritun á haustönn 2018 fór fram í samræmi við leiðbeiningar um innritun í framhaldsskóla frá Menntamálastofnun. Innritunin var miðlæg, unnin af Advania í gegnum Innu eftir að skólastjórnendur höfðu númerað umsækjendur inn í skólann. Flest allir nýnemar sem sóttu um VMA sem fyrsta og annað val fengu merkingu inn í skólann. Nokkrum nemendum, sem sóttu um brautarbrú og höfðu lögheimili á upptökusvæði annars framhaldsskóla en VMA, var hafnað. Helsta ástæða þess að nemendur fengu höfnun í nám á ákveðnum brautum var sú að nemendur annað hvort uppfylltu ekki skilyrði brautar eða að nám var ekki í boði. Eins fengu nemendur höfnun sem höfðu náð 18 ára aldri og voru með sögu um úrsagnir úr áföngum/skóla og/eða höfðu mætt illa í skólann. Nemendum sem uppfylltu ekki skilyrði inn á brautir eða að nám var ekki í boði, var í flestum tilfellum boðið upp á annað nám í VMA.

Tafla 1. Skipting nemenda eftir námsbrautaflokkum og kyni haustið 2018

Tegund náms	Karlar	Konur	Alls	Hlutfall %
Almennt og aðfaranám	35	15	50	4.1%
Iðn- og verknám	267	42	309	25.1%
Sjúkraliðanám	2	47	49	4%
Starfsbrautir	33	20	53	4.3%
Stúdentsnám	222	250	472	38.3%
Vélstjórn	77	3	80	6.5%
Fjarnám	103	115	218	17.7%
Alls	**739**	**492**	**1231**	

Kynjaskipting nemendahópsins í VMA var býsna ójöfn í dagskóla eins og taflan ber með sér. Þar munar mestu hve miklu fleiri karlar eru en konur í iðn- og verknámi skólans.

Tafla 2. Fjöldi nemenda í dagskóla VMA 2014-2018

2014		**2015**		**2016**		**2017**		**2018**	
Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
1130	**1218**	**1124**	**1176**	**1096**	**1160**	**1099**	**1113**	**962**	**1016**

Tafla 3. Fjöldi nemenda í fjarnámi í VMA 2014-2018

	2014		**2015**		**2016**		**2017**		**2018**	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Ekki í dagskóla	319	299	333	233	215	204	209	207	214	220
Í dagskóla	178	125	153	113	118	93	101	76	56	84
Alls	**497**	**424**	**486**	**346**	**333**	**297**	**310**	**283**	**270**	**304**

Í töflu 3 má sjá þróun nemendafjölda í fjarnámi og hefur nemendum þar fækkað nokkuð mikið á tímabilinu eða úr tæplega 500 árið 2014 í um 300 árið 2017. Greina má nokkra fjölgun í hópi fjarnema á árinu 2018. Þess má geta að nærri þriðjungur þeirra nemenda sem skráðir eru í fjarnám í VMA eru einnig nemendur skólans og annar eins fjöldi er í námi í öðrum framhaldsskólum.
Yfirlit yfir fjölda nýnema í dagskóla má sjá í töflu 4. Þar verkur athygli hve umsóknir karla eru áberandi fleiri en kvenna. Væntanlega endurspeglar það kynbundið námsval sem vikið var að í umfjöllun um töflu 1.

Tafla 4. Fjöldi nýnema í dagskóla VMA 2014-2018

Ár	**Karlar**	**Konur**	**Alls**
2014	150	84	**234**
2015	122	80	**202**
2016	134	74	**208**
2017	116	74	**190**
2018	130	92	**222**

Nemendur í dagskóla koma flestir frá Akureyri eða 58%, 18% úr nágrannasveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu og um 25% úr öðrum sveitarfélögum. Búseta þeirra dreifist vítt og breitt um landið og má segja að

VMA eigi fulltrúa frá flestum byggðarlögum landsins. Búseta nemenda í fjarnámi sem ekki eru jafnframt nemendur í dagskóla er mun dreifðari. Aldursbil nemenda í VMA er breitt en flestir nemendur eru 20 ára og yngri. Haustið 2018 voru tæplega 80% nemenda fæddir á árunum 1998 til og með 2002. Tveir nemendur voru 15 ára við upphaf skólagöngu sinnar haustið 2018 og elsti nemandi skólans var fimmtugur.
Á vorönn voru 157 nemendur VMA á sameiginlegri heimavist VMA og MA og 150 á haustönn. Skólahjúkrunarfræðingur VMA er með fasta viðtalstíma á heimavist fyrir alla nemendur vistarinnar.

Brotthvarf og fjarvistir

Brotthvarf nemenda í dagskóla VMA hefur verið á bilinu 9,5% til 11,8% síðustu fimm árin eins og sjá má í töflu 5. Samkvæmt henni hefur brotthvarf farið heldur minnkandi á tímabilinu en skólinn hefur sett sér það markmið að brotthvarf í dagskóla fari ekki yfir 9%.

Tafla 5. Brotthvarf í dagskóla VMA 2014-2018

Ár	Vor	Haust	Meðaltal
2014	12%	11,50%	11,75%
2015	9,70%	9,25%	9,50%
2016	10,10%	9,84%	9,97%
2017	9,80%	11,40%	10,60%
2018	9,80%	9,30%	9,55%

Nýnemaferð haustið 2018 - við Goðafoss

VMA tekur saman lista með skýringum á brotthvarfi nemenda á hverri önn, flokkun er samkvæmt lista frá MRN. Hér má sjá skýringar á brotthvarfi 2018.

Tafla 6. Ástæður brotthvarfs úr dagsskóla VMA 2018

Ástæður brotthvarfs 2018	**Kyn**		**Fæðingarár**						**Móðurmál**	
	Karl	Kona	2002	2001	2000	1999	1998	Eldri	Íslenska	Annað
Ytri ástæður										
Vildi fara að vinna	7	2			1	1	1	6	9	
Fjárhagsástæður/fátækt		1						1		1
Flutningar	2	1		1	1	1			3	
Skólinn										
Vísað úr skóla vegna brots á mætingarreglum	19	10	1	2	3	3	2	18	28	1
Vísað úr skóla vegna brots á skólareglum										
Einelti										
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla										
Námið										
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	10	0	5	1	2		1	1	10	
Nám of erfitt	1			1					1	
Persónulegar ástæður										
Veikindi barna		1						1	1	
Líkamleg veikindi	2	1					1	2	3	
Neysla/meðferð	2	2	2	2					4	
Andleg veikindi	9	21	2	10	5	4	1	8	30	
Annað	4	9		3	3		1	6	12	1
Ekki náðist í viðkomandi	4	2		1	3	1		1	6	
SAMTALS	60	50	10	21	18	10	7	44	107	3

Nýnemferð haustið 2018 - leikir á Laugum

Brautskráningar

Fyrsti nemandinn til að útskrifast með stúdentspróf samkvæmt nýrri námsskrá var útskrifaður í desember 2017 og lauk sá nemandi stúdentsprófinu á 2,5 ári. Því var fyrsti stóri útskrifarhópurinn útskrifaður samkvæmt nýrri námsskrá vorið 2018.

Í töflu 7 eru brautskráningar frá VMA síðastliðin fimm ár teknar saman og flokkaðar eftir námsbrautum (í nokkrum tilfellum er ólík brautarheiti hliðstæðs náms sameinuð). Alls hafa 1624 nemendur brautskráðst á þeim tíma.

Stærstu hópar brautskráðra ljúka stúdentsprófi af félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut, listnámsbraut og viðbótarnámi til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Fjöldi þeirra sem lýkur iðnnámi eða öðru starfsnámi frá skólanum er hins vegar talsvert meiri en sá sem lýkur stúdentsprófi. Ef viðbótarnámið er talið til starfsnámsbrauta lýkur 71% prófum af starfstengdum brautum en 56% ef viðbótarnámi er talið með bóknámi. Af þessu sést að VMA stendur vel undir nafni sem fjölbreyttur framhaldsskóli með námframboð í listnámi, iðn- og starfsnámi, á starfsbraut og í bóknámi.

Verðlaunahafar á útskrift í Hofi 26. maí 2018

Tafla 7. Fjöldi brautskráðra frá VMA eftir námsbrautum 2014-2018

Námsbrautir	2014 V	2014 H	2015 V	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	Alls
Bifvélavirkjun			6	12			1	1	8	2	30
Blikksmíði			5								5
Félagsfræðibraut	26	26	20	11	14	13	18	18	20	16	182
Fjölgreinabraut									2	5	7
Grunnám byggingagreina	5	13			12		9				39
Grunnám matvælagreina	6		2								8
Grunnám málmiðngreina	24		19		14		18				75
Grunnám rafiðna	13		10		25		5				53
Hársnyrtiiðn				8		12					20
Húsasmíði	8	1	5		16		8	1	13		52
Húsgagnasmíði	3		1				2				6
Hönnun og textíll	11	5	4	5	2	6	5	5	4	3	50
Íþróttabraut	6	7	7	1	7	5	4	3	15	4	59
Kjötiðn		3		2	1		1				7
Matartæknabraut	6	2				11		13	1	3	36
Matreiðsla										10	10
Málaraiðn					1		8				9
Málmsuðubraut		6			20					6	32
Meistaranám í iðngreinum	10	5	11	12	10	4	10	7	18	4	91
Múrsmíði					3		5	1	2		11
Myndlist	7	8	12	4	7	3	8	6	15	7	77
Náttúrfræðibraut	16	10	9	5	10	10	10	9	10	3	92
Rafeindavirkjun			1	11	1			8		1	22
Rafvirkjun	9	12	4	13	4	8	2	11	7	10	80
Sjúkraliðabraut/brú	9	11	7	12	6	5	6	8	4	9	77
Starfsbraut	13	1	10		2		11		5	1	43
Stálsmíði	1		6		1		6			2	16
Tónlistarbraut			1								1
Vélstjórn	22	10	23	11	25	5	25	3	12	3	139
Vélvirkjun	5		4	3	3	4	5	3	3		30
Viðbótarnám til stúdentsprófs	32	28	30	24	22	17	32	15	14	5	219
Viðskipta- og hagfræðibraut	5	5	3	3	5	1	5	2	6	5	40
Viðskiptabraut	4	1	1								6
Alls	**241**	**154**	**201**	**137**	**211**	**104**	**204**	**114**	**159**	**99**	

Þess má geta að í skólanum eru haldin sveinspróf í ýmsum iðngreinum á hverju ári. Í desember voru sannarlega merk tímamót í sögu Verkmenntaskólans á Akureyri og um leið í matreiðslunámi á Íslandi er tíu nemendur luku sveinsprófi í matreiðslu. Þetta er í fyrsta skipti sem sveinspróf er haldið í matreiðslu í VMA og utan höfuðborgarsvæðisins. Nemendurnir tíu sem þreyttu prófið voru í þriðja bekk í matreiðslu á haustönn og stóðust þeir allir sveinsprófið.

Þróunarverkefni og samstarf

Námsmat í VMA er í stöðugri þróun og aukin áhersla á verkefnatengt nám og leiðsagnarmat. Allir nemendur skólans fá miðannarmat og áhersla á að því fylgi jafnframt skriflegt mat og leiðsögn kennara á gengi nemenda í hverjum áfanga. Námsmatsreglur taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina. Námmatsreglur voru endurskoðaðar frekar á árinu og voru gerðar nokkrar lítilsháttar breytingar miðað við athugasemdir sem komu frá fag- og brautarfundum. Nánar má sjá um námsmatsreglurnar á heimasíðu skólans.

Í janúar 2018 hófu svokallaðir upplýsingatæknimentorar störf við skólann en það eru þrír kennarar í hlutastarfi sem leiðbeina samkennurum sínum um upplýsingatækni í námi og kennslu ásamt því að vera leiðandi í upplýsingatækni innan skólans. Verkefnið hefur gefið góða raun og kennarar duglegir að nýta sér þær nýjungar sem hafa verið kynntar. Upplýsingatæknimentorar unnu á árinu drög að upplýsingatæknistefnu sem verður birt á árinu 2019 en megin markmið skólans eru samkvæmt þeirri stefnu að vera leiðandi í notkun upplýsingatækni í námi og kennslu í íslenskum framhaldsskólum.

Gæðakerfið er í stöðugri þróun innan skólans og innleiða þarf samhliða breytingar á skólanámskránni. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að skert verði þau gæði sem skólinn stendur fyrir.
Mikill tími og vinna fór í lokahönnun á brautarlýsingum, sérstaklega í verklegu námi, á árinu. Allir kennarar og stjórnendur skólans hafa komið að vinnunni með einum eða öðrum hætti. Vinna við námsbrautarlýsingar í verklegu námi hefur verið þyngri í vöfum miðað við vinnu við stúdentsprófsbrautir enda um fleiri hagsmunaaðila að ræða en á stúdentsprófsbrautunum. Skólinn hefur bæði unnið að eigin brautarlýsingum og í samvinnu við aðra skóla.
Ný námskrá býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skólar fá tækifæri til að marka sér sérstöðu. Kennarar og stjórnendur hafa því haft tækifæri til að laga námið í skólanum að sérstöðu skólans, nemendahópsins og nærsamfélagsins. Skólinn hefur skilgreind lokamarkmið náms við skólann sem birt eru á heimasíðu VMA en heimasíðan er jafnframt skólanámskrá VMA.

Skólinn tók áfram þátt í samstarfsverkefninu ***Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir*** sem hefur að markmiði að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk karla og kvenna. Verkefnið, sem er stýrt af Jafnréttisstofu, hófst haustið 2016 og lauk formlega í lok árs 2018. Engu að síður hafa aðilar innan verkefnisins tekið ákvörðun að vinna áfram að jafnréttismálum með sambærilegum hætti og gert var í verkefninu.
Helstu áherslur í þessu verkefni er að stuðla að jafnrétti kynjanna í menntun, starfsþjálfun og ráðgjöf, brjóta upp kynbundnar staðalmyndir í náms- og starfsvali, vekja áhuga kvenna á hefðbundnum karlastörfum og vekja áhuga kvenna á hefðbundnum karlastörfum.
Verkefnið hefur tekið til nokkurra fyrirtækja og stofnana á Akureyri. Öll skólastig taka þátt í því; leikskólinn Lundarsel, Oddeyrarskóli, VMA og Háskólinn á Akureyri. Einnig taka Öldrunarstofnanir Akureyrar þátt og sömuleiðis Slippurinn Akureyri.
VMA hefur í verkefninu fyrst og fremst beint sjónum að því annars vegar að fjölga stúlkum í tækninámi og hins vegar að fjölga strákum í hársnyrtiiðn og á sjúkraliðabraut. Til fjölda ára hefur yfirgnæfandi meirihluti nemenda VMA á nokkrum verknámsbrautum verið strákar, t.d. í byggingadeild, málmiðnaðardeild, rafiðnbraut og vélstjórn, en síðan snúist dæmið alveg við í bæði hársnyrtiiðn og á sjúkraliðabraut. Haldnir voru fundir í VMA og Jafnréttisstofu og voru fulltrúar VMA í vinnuhópnum Guðmundur Ingi Geirsson kennari í rafiðn og Ásdís Birgisdóttir námsráðgjafi á vorönn en Helga Júlíusdóttir námsráðgjafi á haustönn. Skólameistari er jafnframt í vinnuhópum. Verkefninu lauk formlega með fundi á Borgum með aðkomu allra aðila er komu á verkefninu en jafnframt sátu á þeim fundi fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands og Rannís. Vinnuhópurinn í VMA boðaði stúlkur í iðnnámi á tvo fundi á árinu ásamt strákum í háriðn og sjúkraliðanámi. Alls mættu um 15 stúlkur á hvorn fund en enginn strákur enda mjög fáir í þessu námi sem um ræðir. Umræður frá þessum fundum hafa m.a. leitt til þess að breytingar á búningsaðstöðu kvenna í byggingagreinum og vélstjórn hafa verið settar á framkvæmdaáætlun á árinu 2019. Búið er að skipuleggja heimsóknir nemenda í 4. bekk Oddeyrarskóla og elstu barna af Lundaseli í heimsóknir í VMA á vorönn 2019.

Svokallaður ***Hvítbókarstyrkur*** **MRN** fékkst á árinu til að vinna verkefni sem miðaði að því að kynna nýnemum undirstöðuatriði HAM (hugrænnar

atferlismeðferðar) og tók sálfræðingur að sér verkefnið á vorönn 2018. Jafnframt var boðið upp á námsver fyrir nemendur á Brautabrú en það var fyrst starfrækt í skólanum á haustönn 2016. Tilgangur þessara tveggja verkefna er að styðja við nemendur í brottfallshættu, aðstoða við nám og bæta líðan nemenda. Markmiðið er að draga úr brottfalli nýnema á 1. ári. Verkefnið heldur áfram á vorönn 2019 en líkur að þeim tíma liðnum þ.e. ekki fæst lengur styrkur til að vinna áfram að verkefninu. Sálfræðingur, náms- og starfsráðgjafar, stjórnendur og kennarar munu engu að síður vinna áfram að fræðslu um HAM eða önnur bjargráð nemenda sem upplifa kvíða og námsverið er komið til að vera a.m.k. fyrir nemendur á Brautabrú. Á haustönn 2018 var sálfræðingur í 50% stöðu ráðinn við skólann.

Skólaárið 2017-2018 fékk skólinn **styrk úr Sprotasjóði** til að vinna að leiðsagnarmati í skólastarfi með áherslu á lokaverkefni nemenda á stúdentsprófsbrautum. Styrkurinn nýttist til að skilgreina kröfur til lokaverkefna og koma á vinnulagi varðandi framkvæmd, leiðsögn og skil með áherslu á leiðsagnarmat. Nemendur skiluðu lokaverkefnum í fyrsta skiptið út frá þessum nýja áfanga vorið 2018 og var niðurstaða þeirrar vinnu nýttar áfram til að þróa áfangann áfram haustið 2018.



VMA tekur þátt í verkefninu **Heilsueflandi framhaldsskóli** undir leiðsögn frá Embætti landlæknis (EL). Skólinn hefur fengið silfurviðurkenningu í flokknum næringu og gulli í hreyfingu. Verkefnið hefur verið í lægð undanfarin ár bæði innan skólans og innan Embætti landlæknis. Á síðari hluta ársins 2018 var tilkynnt að nýr verkefnastjóri hjá EL sé að vinna að nýjum matsþáttum fyrir Heilsueflandi framhaldsskóla og verði það kynnt frekar á árinu 2019.
Í september fóru þrír kennarar og 37 nemendur suður til Hafnarfjarðar og tóku þátt í Flensborgarhlaupinu sem er árlegt hlaup undir merkjum heilsueflandi framhaldsskóla. Árangurinn var mjög góður þar sem Jörundur Frímann Jónasson varð framhaldsskólameistarari í karlaflokki 18 ára og eldri í 10 km hlaupi, Sigurður Bergmann sigraði í 10 km hlaupi 17 ára og yngri og kennarinn Anna Berglind Pálmadóttir sigraði í 10 km hlaupi 18 ára og eldri.
Vikuna 17. - 21. september var heilsuvika í VMA og þar var áherslan á holla hreyfingu. Nemendur og starfsmenn tóku þátt í núvitund, jóga, hjóluðu Eyjafjarðarhringinn, fóru í gönguferðir, kynntu sér jákvæða sálfræði, fengu fyrirlestur um næringu og haldið var málþing um heilsueflandi framhaldsskóla með aðkomu og þátttöku nemenda.

Frá því á vorönn árið 2013 hefur VMA tekið þátt í verkefni á vegum MRN þar sem kannaðir eru þekkir áhættuþættir hjá nemendum varðandi brotthvarf úr námi, könnunin nefnist **Könnun á námsumhverfi nemenda (Risk detector).** Könnunin hefur verið lögð fyrir nýnema að hausti ár hvert. Námsráðgjafar hafa haldið utan um verkefnið, leggja það fyrir og fylgja eftir með viðtölum við nemendur. Tilgangur verkefnisins er m.a. að greina hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu og skrá ástæður brotthvarfs, til að bæta þekkingu á orsökum brotthvarfs og draga úr því. Ráðuneytið tók þá ákvörðun að styrkja ekki lengur verkefnið með sama hætti og áður og því var RISK könnun ekki lögð fyrir nemendur haustið 2018 eins og hafði verið gert með síðustu fimm nýnemaárganga. Skólinn hefur ekki tekið ákvörðun um það hvort hann kaupi áfram aðgang að þessu greiningartæki en er það mat skólans að þessi greiningarvinna hafi skilað betri yfirsýn yfir stöðu nýnema við upphaf framhaldsskólagöngunnar og gaf skimunin námsráðgjöfum tækifæri til að grípi inn í brottfallsáhættuna hjá nemendum.

Samstarf við skóla á NA-landi (SAMNOR). Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga hafa síðan árið 2015 unnið saman að ýmsum málum er varða skólastarf á svæðinu. Gerður var samstarfssamningur um ákveðin verkefni skólanna og unnin starfsáætlun á hverju ári. Verkefnastjóri hefur unnið með skólameisturum skólanna og hefur það verið Svanfríður Jónasdóttir ráðgjafi.

Haldnir eru fundir reglulega þar sem skólameistarar bera saman bækur sínar og leggja drög að fyrirliggjandi verkefnum í samræmi við samstarfssamning sinn. Þar má t.d. nefna þróun í námsframboði skólanna, stoðþjónustu þeirra, fjármál, skjalavörslu, gæðamál, skólaskil grunn og framhaldsskóla og samstarf við grunnskóla á svæðinu um það efni. Einnig má nefna sameiginlega fundi með fulltrúm HA og símenntunarmiðstöðva. Þá hafa sérfræðingar skólanna verið í sambandi um jafngildisáfanga, stoðþjónustu, gæðamál o.fl. Tíð skólameistaraskipti á svæðinu hafa líka kallað á upplýsingu og stuðning.

Það er mat samstarfsnefndar skólameistara að styrkur svæðisins í menntamálum felist í því að gott samstarf sé á milli skólastiga og þeirra öflugu skóla sem eru á svæðinu. Skilað er skýrslu um samstarfið til mennta- og menningarmálaráðuneytis á hverju ári ásamt því að haldinn er ársfundur skólanna þar sem aðilum frá MRN er boðið að mæta ásamt fulltrúum frá grunnskólum á svæðinu ásamt Háskólanum á Akureyri.

Á árinu var samstarf milli VMA og MA, um nemendaskipti. Nemendur komu úr MA í VMA og tóku þar áfanga sem ekki eru í boði í þeirra skóla og öfugt. Nemendur í MA tóku grunnáfanga í teikningu á listnáms- og hönnunarbraut VMA og að sama skapi sóttu nemendur úr VMA eðlisfræðiáfanga í MA, sem ekki var í boði í VMA. Unnin var sameiginleg brautarlýsing allra skólanna um nám til stúdentsprófs með áherslu á tónlist í samvinnu við tónlistarskólana á svæðinu.

Sameiginlegur fræðsludagur var haldinn í VMA í apríl 2018. Þar var jafnframt starfsfólki frá FNV boðið að taka þátt í fræðsludeginum. Áhersla var á fræðslu um upplýsingatækni í námi og kennslu og var Ingvi Hrannar Ómarsson kennari og kennsluráðgjafi með aðalfyrirlesturinn, en hann var valinn einn af hundrað áhrifavöldum um menntamál í heiminum vorið 2018. Á fræsludeginum voru jafnframt haldnir fagfundir mismunandi kennara- og starfsmannahópa. Ákveðið var að halda þessa sameiginlegu fræðsludaga annað hvert ár.

Samstarf við grunnskólana á Akureyri. Frá og með haustönn 2013 hefur VMA verið í samstarfi grunnskólana á Akureyri, fyrst við Brekkuskóla en síðan við valgreinanefnd grunnskóla Akureyrar. VMA býður upp á samvalsgreinar í vali fyrir 9. & 10. bekk. Á vorönn 2018 voru tveir hópar í iðngreinakynningu í rafiðngreinum og þrír hópar í háriðn. Á haustönn voru tveir hópar í kynningu á bygginga- og mannvirkjagreinum og einn í kynningu á sjúkraliða- og umönnunargreinum. Mikil ánægja er með þetta samstarf en markmið þess er að efla áhuga ungs fólks á iðn- og tæknínámi.
Samstarf við grunnskólana hefur færst mikið inn á sameiginlegan vettvang samstarfs framhaldsskólanna á svæðinu (SAMNOR).

Samstarf við háskóla gæti verið meira. Skólastjórnendur hafa ítrekað óskað eftir því að nemendur í grunn- og framhaldsnámi við Háskólann á Akureyri komi í skólann til að vinna að rannsóknum og lokaverkefnum. Kennaranemar komu á árinu til að taka starfsþjálfun og vettvangsnám, bæði frá kennaradeild HA og menntavísindasviði HÍ. Allt of fáir iðnmeistarar í kennsluréttindanámi hafa komið í skólann á síðustu árum til að taka vettvangsnám við skólann og er það áhyggjuefni upp á framtíðina enda lítið um fyrirspurnir og umsóknir ef auglýst er eftir iðnmeisturum/kennurum í iðn- og tæknigreinum. Á haustdögum óskaði skólameistari eftir samstarfi við HA um að bjóða upp á kennslufræði fyrir iðnmeistara við HA en háskólinn sá sér ekki fært að bjóða upp á það nám að sinni. Í kjölfarið var óskað eftir samstarfi við HÍ og var ákveðið að ræða málin frekar á nýju ári.

Reyptog á milli útskriftarnemenda í Gryfjunni - dimissio vorið 2018

Samstarf við símenntunarstofnanir þá sérstaklega SÍMEY á Akureyri er mjög gott. Helstu verkefni tengjast raunfærnimati og námskeiðshaldi. Þá er skólinn í góðu samstarfi við Iðuna hvað varðar ýmsa þætti í verklegu námi og samningstíma nemenda í iðnnámi.

FabLab - stafræn smiðja í Eyjafirði. Árið 2015 var FabEy stofnað um rekstur FabLab smiðju sem staðsett yrði í VMA. Stofnaðilar af FabEy eru VMA, SÍMEY, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarbær. Fab Lab smiðjan er ætluð frumkvöðlum, nemendum, almenningi, fyrirtækjum og stofnunum. Smiðjan opnaði á vorönn 2017 og hefur smátt og smátt verið að auka við starfsemi sína. Nemendur sem vinna lokaverkefni við skólann hafa í auknum mæli nýtt sér FabLab ásamt því að hluti af kennslu áfanga á vélstjórn og listnámsbraut fer fram í FabLab. Nýnemar í NÁSS áfanga á haustönn taka lotu í FabLabinu.

Öflugt **samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir** í nærumhverfi skólans. Nemendur í almennu starfsnámi hafa fengið starfsþjálfunarpláss innan margvíslegra fyrirtækja og stofnana og þá eru á hverjum tíma nemendur á samningi hjá ýmsum iðnfyrirtækjum og meisturum.

Gjafir til skólans

Skólanum bárust ýmsar gjafir á árinu og er það afar mikilvægt að finna fyrir þeim velvilja sem skólinn hefur úti í atvinnulífinu og í nærsamfélaginu. Hér verður gerð grein fyrir þessum gjöfum en þetta er ekki tæmandi listi yfir þær gjafir sem skólinn hefur fengið á árinu.
Rafiðnaðardeild VMA hefur lengi átt góða bakhjarla í fyrirtækjum í rafiðngreinum á svæðinu. *Reykjafell* gaf m.a. úttektarmæli sem notað er sem kennslutæki við lokaúttektir á raflögnum og peningagjöf í lok árs. *Rönning* gaf deildinni umtalsvert magn af raflagnarefnum sem nýtt er til kennslu í grunndeild og *Ljósgjafinn* gaf deildinni ýmis smáverkfæri. Í tilefni af fimmtíu ára afmæli sínu á árinu, ákvað *Félag rafeindavirkja* að gefa VMA öfluga og fullkomna lóðstöð sem gerir allar lóðningar betri og nákvæmari.
Í haust var öllum nemendum í grunndeild rafiðna, færðar að gjöf spjaldtölvur frá *Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands* fyrir hönd allra atvinnurekenda og launþega í rafiðnaði. Er þetta framtak afar kærkomið þar sem námsefni í rafiðngreinum er nánast allt komið inn í Rafbók á vefnum og er orðin

að hefð síðan haustið 2016 þegar öllum nemendum í rafiðn á landinu voru færðar spjaldtölvur.
Vélaverkstæðið Ártegi og *Íris Arngrímsdóttir* sem lauk námi í vélstjórn gaf lokaverkefni sitt til skólans en hún gerði upp og prófaði um þrjátíu ára gamla Francis vatnsaflstúrbínu sem föðurbróðir hennar smíðaði. Vélin mun nýast afar vel í kennslu í vatnsvélarfræði.
Í lok ársins gaf *JE vélaverkstæði* á Siglufirði skólanum afar höfðinglega gjöf svokallað plasmaskurðarborð sem nýtis mjög vel til kennslu í málmiðngreinum. Vélin hefur ekki verið formlega tekin í notkun en er komin á sinn stað inni á málmsmíðabraut. Ljóst er að þessi vél mun gef nemendum í málmiðngreinum tækifæri til að læra á vélar með nýrri tækni.

Erlent samstarf

Árið 2018 var VMA þátttakandi í sex erlendum samstarfsverkefnum; fjórum sem styrkt eru af Erasmus og tveimur sem eru styrkt af Nordplus. Haustið 2017 fékk skólinn úthlutað styrkjum frá Erasmus til þess að senda fjóra starfsmenn í heimsókn í eina viku, fjóra nema til styttri dvalar í vinnustaðaþjálfun og fjóra nema til lengra dvalar í vinnustaðaþjálfun. Þessir styrkir voru allir eyrnamerktir starfsnámi en þeir gilda fram til 31. ágúst 2019. Í lok árs 2018 fékk skólinn endurúthlutað fleiri styrkjum til úthlutunar á vorönn 2019. Þetta voru sex styrkir til að senda nema til lengri dvalar, sex fyrir nema í styttri dvöl og sjö styrkir fyrir starfsmenn til að fara í skóla- og/eða vinnustaðaheimsóknir.

Nemendur af íþrótta- og lýðheilsubraut í Vin-Vin samstarfsverkefninu í Danmörku

Haustið 2018 fékk VMA einnig úthlutað tveimur styrkjum ætlaðir til lengri dvalar nema í vinnustaðaþjálfun, fjórum ætlaðir í styttri dvöl nema í vinnustaðaþjálfun og fjórum styrkjum til starfsmanna. Þessir styrkir voru allir eyrnamerktir starfsnámi og gilda fram til 31. ágúst 2020. Skólinn fær auk þess á ári hverju fjölmargar heimsóknir frá erlendum skólum og stofnunum sem margir hverjir eru falast eftir ýmis konar samstarfi við skólann.

- **Mobility** - Við lok árs 2018 var búið að ráðstafa tveimur nemendastyrkjum í styttri dvöl, þremur nemendastyrkjum í lengri dvöl og sex starfsmannastyrkjum. Nemendastyrkirnir fyrir styttri dvöl voru nýttir til þess að senda tvo sjúkraliðanema í byrjun árs 2018 í þriggja vikna vinnustaðanám til Randers í Danmörku. Nemendastyrkirnir fyrir lengri dvöl voru nýttir til þess að senda tvo nema af hársnyrtiiðn í sex vikna starfsþjálfun á hárgreiðslustofur í Þrándheimi í Noregi og einn nema af matvælabraut í sjö vikna dvöl til Marseille í Frakklandi, en sú dvöl var metin sem hluti af námssamningi nemans. Starfsmannastyrkirnir voru nýttir til þess að senda tvo kennara af sjúkraliðabraut til SOSU Randers skólans í Danmörku í byrjun árs. Tilgangur ferðarinnar var að fylgja sjúkraliðanemunum sem fóru þangað í vinnustaðanám. Í byrjun september fóru tveir kennarar af hársnyrtiiðn til Þrándheims í þeim tilgangi að heimsækja hársnyrtistofur og kanna grundvöll fyrir samstarfsmöguleikum þar sem áhugi er fyrir því að auka möguleika nema af hársnyrtiiðn í VMA til þess að taka hluta sinnar starfsþjálfunar á stofum í Þrándheimi. Í nóvember var svo einn starfsmannastyrkur nýttur til þess að senda sviðstjóra verknáms til Danmerkur, en þangað fór hann ásamt starfsfólki úr Borgarholtsskóla í þeim tilgangi að fá hugmyndir við mótun nýrrar námskrár í bílgreinum.
- **AppMentor (2016-2018)** - er að sumu leyti beint framhald af WorkMentor og WorkQual sem VMA var einnig þátttakandi að. Markmiðið með AppMentor er að koma umsjón með vinnustaðanámi og samskiptum í tengslum við vinnustaðanám á tölvutækt form. Þá verður einnig lögð áhersla á að kanna hvort og þá með hvaða hætti sé hægt að nýta hina ýmsu samfélagsmiðla og eða öpp í tengslum við vinnustaðanám. Samstarfsaðilar að þessu verkefni eru Axxell Utbildning í Finnlandi sem jafnframt heldur utan um verkefni, Charlottenlund skólinn í Þrándheimi í Noregi, Nantes Terre Atlantique - Jules Rieffel skólinn í Nantes Frakklandi,

Het Idee ráðgjafar frá Hollandi, Broadshoulders ráðgjafar frá Hereford Englandi og Education and Mobility í Bilbao á Spáni. Tveir kennarar hafa aðallega unnið í þessu verkefni sem hófst árið 2016 en því lauk í nóvember með fundi í Hereford í Bretlandi.

- **InnoVET (2017-2019)** - markmið þessa verkefnis er að skoða hvaða hlutverki starfsnám og starfsnámskerfi koma inn í umræðu og stefnumörkun um byggð í dreifbýli. Lögð verður áhersla á að þróa aðgerðir sem hægt er að beita til að til að styrkja dreifbýl svæði og skoða sérstaklega í því samhengi þátt starfsmennta- og starfsþjálfunarkerfa í þróun dreifbýlla svæða. Samstarfsaðilar að verkefninu eru MFR - Les Maisons Familiales Rurales sem rekur starfsþjálfunarkerfi í dreifðum byggðum í Frakklandi, IFOCAP sem eru samtök sem sjá um að veita bændum og öðrum úr dreifðum byggðum Frakklands leiðtogaþjálfun, Sol et Civilisation sem veitir ráðgjöf um byggðamál, MFR á Reunion eyju sem er frönsk nýlenda í Indlandshafi, OFFA í Belgíu sem er nýleg stofnun sem vinnur að því að samræma starfsnámskerfi í Valloníu, Vivasol frá Litháen sem eru lítil samtök smáframleiðenda sem selja eigin afurðir og GAL Napoca sem eru samtök í Transylvaníu í Rúmeníu sem hafa það hlutverk að veita verkefnastyrki. VMA hefur sent þrjá fulltrúa á þá fundi sem hafa verið haldnir fram að þessu en verkefnið hófst haustið 2017. Búið er að funda fimm sinnum í tengslum við verkefnið, en ráðgert er að funda í tvö skipti í viðbót áður en verkefninu lýkur formlega sumarið 2019. Í mars 2018 var haldinn fundur hér á Akureyri. Að þeim fundi komu Akureyrarstofa, AFE og RHA þar sem hinar ýmsar áskoranir atvinnulífs á svæðinu voru ræddd og með hvaða hætti VMA gæti komið að þróun atvinnulífs á svæðinu með framboði sínu á starfsnámi. Tveir starfsmenn VMA tóku þátt í fundi sem haldinn var í Cluji_Napoca í Rúmeníu í september og svo tveir aðir fóru á fund í Vilnius í Litháen í desember 2018.
- **VET@Work (2018-2021) -** Verkefnið er styrkt af Erasmus og er að sumu leyti beint framhald af Workmentor og AppMentor sem VMA var einnig þátttakandi að. Helsta markmið verkefnisins er að þróa rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé best að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þátttakendur í verkefni koma bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu. Samstarfsaðilir VMA í verkefninu eru Het Idee og Stichting

Welzijn Lelystad frá Hollandi, Axxell Utbildning AB og Raseborgs stad frá Finnlandi, Nantes Terre Atlantique frá Frakklandi, Broadshoulders Ltd frá Bretlandi og Hársnyrtistofan Medulla. Kennarar sem hafa verið í AppMentor verkefninu hafa unnið í þessu verkefni líka og tekið þátt í þeim fundum sem haldnir hafa verið á árinu.

- **Vin-Vin verkefnið (2017-2020) -** Verkefnið er norrænt Erasmus verkefni en það er framhaldsskólinn í Oppdal í Noregi sem stýrir verkefninu. Samstarfsaðilarnir eru þrír; VMA, Oppdal og Fjerritslev sem er skóli nálægt Álaborg í Danmörku. Markmið verkefnisins er að bæta lýðheilsu í nærumhverfinu með auknu samstarfi milli lýðheilsu- og eða íþróttabrautir skólanna og annara aðila í nærsamfélaginu. Verkefnið gengur út á að fara með nemendahópa í heimsóknir til að upplifa mismunandi aðstæður til hreyfingar og íþróttaiðkunnar. Áætlað er að fara með 6 - 10 nemendur frá hverjum skóla tvisvar sinnum í heimsókn í hina tvo skólana. VMA fer með nemendur til Noregs og Danmerkur og VMA tekur að sama skapi á móti nemendum þaðan. Íþróttafélagið KA mun einnig koma að verkefninu þar sem þeir nemendur sem koma í heimsókn hingað fá að fylgjast með og spreyta sig á þjálfun í yngri flokka starfi félagsins. Í verkefninu er notast við eTwinning sem er verkfæri til fyrir samvinnu og samskipti milli skóla, félaga og einstaklinga. VMA er því orðinn einn af eTwinning skólum á Íslandi.
  Fyrstu vikuna í september fóru tveir hópar nemenda af íþrótta- og lýðheilsubraut VMA ásamt fjórum kennurum í heimsókn annars vegar til Oppdal í Noregi og hins vegar Fjerritslev í Danmörku. Áherslan í verkefninu í Oppdal og Fjerritslev var á útivist og útiveru og gistu nemendur m.a. í tjöldum úti í náttúrunni ásamt nemendum úr samstarfsskólunum.
- **Landa- og tungumálaútrás víkinganna – Vikingernes fremmarch i land og sprog - 2018-2020** - Verkefnið er tveggja ára tungumála- og lestrarverkefni (Nordplus Nordic Language) á milli fjögurra samstarfsskóla á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning nemenda á tungumálum Norðurlandanna, sögu, menningu og samfélag. Þá er einnig markmið verkefnisins að þróa kennsluefni sem hægt er að nota við kennslu á norrænum tungumálum og norrænni tungumálasögu. Hlutverk þátttakenda í verkefninu er að byggja upp net, þróa kennsluefni og kennsluáætlanir. Tveir kennarar frá hverjum

skóla munu kenna eina viku í senn í einum samstarfsskólanna hvort árið um sig. Þrír kennarar VMA tóku þátt í verkefninu á árinu og var einn kennari VMA gestakennari í Kungstengymnasiet í Svíþjóð í eina viku í mars.

- **Nordisk samtids- og kriminallitteratur er Nordplus** verkefni sem kennarar í íslensku og Norðurlandamálum taka þátt í. Verkefnið fjallar um samtímabókmenntir og glæpasögur sem skrifaðar eru á Norðurlandamálunum. Samstarfsskólarnir eru: Hadeland Videregående skole sem er framhaldsskóli í Noregi, Katrinelundsgymnasiet sem er í Svíþjóð og Köpenhamns KVUC sem er miðstöð fyrir fullorðinsfræðslu í Kaupmannahöfn. Tveir norskir kennarar frá Hadeland komu hingað í skólaheimsókn á útmánuðum 2018. Verkefninu lauk formlega með allsherjarfundi í Bergen í apríl 2018 þar sem þrír kennarar VMA tóku þátt.

Mikið er um fyrirspurnir til VMA um þátttöku í erlendu samstarfi og þarf skólinn að vísa frá fjölmögum beiðnum um samstarfsverkefni. Nánar má sjá um erlent samstarf og samstarfsverkefni á heimasíðu skólans.

Tveir skiptinemar á vegum AFS voru í VMA á vorönn 2018 (eru skólaárið 2017-2018), stúlka frá Ítalíu og önnur frá Kína. Þrír AFS skiptinemar hófu nám í VMA á haustönn 2018 (skólaárið 2018-2019), tvær stúlkur frá Belgíu og franskur piltur. Önnur stúlknanna var bara haustönn 2018 sem skiptinemi í VMA.

Sjálfsmat og eftirfylgni

Lögð er áhersla á að mælanleg markmið séu sett á ýmsum sviðum skólastarfsins. Þessi markmið eru mælanleg og gerðar eru reglulega kannanir meðal nemenda og starsmanna í því skyni að geta séð hvort settum markmiðum hefur verið náð. Helstu þættir sjálfsmats og eftirfylgninnar eru:

- **Kennslu- og áfangamat:** Nemendur meta kennsluna, aðstöðuna og námsefnið. Matið er lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum, samantekt á niðurstöðum birtar á heimasíðu og í skýrslu um rýni stjórnenda eftir hverja önn. Niðurstöður kennslu- og áfangamats ársins eru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa allir fengið niðurstöður úr könnunum ársins.

- **Framvindumat:** Kennarar meta hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir fylgi þeirri kennsluáætlun sem lagt var upp með. Matið er framkvæmt í lok hverrar annar og niðurstöður birtar í rýni stjórnenda sem finna má á heimasíðu skólans.
- **Áfangaskýrslur:** Kennarar gera skýrslur um hvern áfanga í lok annar. Skoðaður er árangur nemenda, hvernig áfanginn gekk og hvað má betur fara. Jafnframt kemur fram hvort einhverju hafi verið ábótavant í kennslunni. Niðurstöður eru ræddar á gæðaráðsfundum, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til ábyrgðaraðila.
- **Þjónustukönnun:** Þjónustukönnun VMA er gerð á 2ja ára fresti þar sem nemendur eru spurðir álits um ýmsa þætti í skólastarfinu aðra en kennslu. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það er sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólastarfi. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans. Könnunin var lögð fram á haustönn 2018 og fór fram í gegnum vefinn. Allir nemendur í dagskóla (950) fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. 299 svöruðu könnuninni en það er um 32% svörun. Er það áhyggjuefni hve fáir nemendur svara könnuninni.
  Í könnuninni er spurt um líðan nemenda, hvernig nemendur líta á þjónustu á bókasafni, námsráðgjafa og mötuneyti. Í könnunin er einnig spurt um einelti og kynferðislega áreitni. Þá var spurt hvort nemandi hafi hugsað um að hætta í skólanum og helstu ástæður þess. Niðurstöður eru birtar á heimasíðu og skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2018.
- **Stjórnendamat:** Starfsmenn skólans meta stjórnendur með tilliti til hæfileika, stjórnunar og ýmissa annarra þátta. Um leið og stjórnendamat er gert er spurt um almenna líðan í vinnu og þætti er lúta að starfi starfsmanna innan skólans (starfsmannakönnun). Niðurstöður eru birtar á heimasíðu og í skýrslu um rýni stjórnenda. Spurningar sem mæla gæðamarkmið skólans eru í þessari könnun. Frá árinu 2016 var ákveðið að nota *Stofnun ársins* sem hluta af innra mati skólans og sem starfsmanna- og stjórnendakönnun.
- **Innra mat:** Allar verklagsreglur gæðakerfisins og/eða einstaka hlutar gæðakerfisins eru teknir út árlega. Niðurstöður innri úttekta eru teknar fyrir á gæðaráðsfundi, mál sett í vinnslu og þeim vísað áfram til

ábyrgðaraðila. Gert er grein fyrir samantekt innri úttekta í skýrslunni rýni stjórnaenda sem gerð er eftir hverja önn.

- **Ytra mat:** Úttektarmaður frá Vottun ehf tekur út á hverri önn hvort skólinn sé að vinna eftir gæðakerfinu og uppfylli þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni. Skólinn er með allt dagskólanám vottað.
- **Ytri úttekt MRN** fór fram á árinu og má sjá niðurstöður úttektarinnar í skýrslu sem birt hefur verið á vef MRN. Úrbotaáætlun hefur verið skilað til MRN.
- **Frábrigði, ábendingar og kvartanir:** Allir þættir náms og kennslu eru stöðugt undir eftirliti gæðakerfis. Allir sem koma að kennslu og námi í skólanum hafa leiðir til að koma á framfæri tilkynningum á frábrigðum, ábendingum eða kvörtunum sem fram kunna að koma í starfsemi skólans. Þannig er hægt að skoða þessi tilvik með tilliti til þess hvort unnt er að gera úrbætur og tryggt að stöðugar umbætur séu framkvæmdar á allri starfsemi skólans. Allar tilkynningar eru skráðar og teknar fyrir á gæðaráðsfundum og gerð grein fyrir þeim í rýni stjórnenda fyrir hverja önn.

Skýrslur um innra mat í VMA má nálgast á vef skólans.

Rekstur

Í fjarlögum 2018 var fjárheimild til VMA kr. 1.576 milljónir króna. Rekstarframlög voru áætluð 1.681 milljónir en áætlaðar rekstartekjur eru 105 milljónir þannig að framlög úr ríkissjóði voru 1.576 milljónir. Þegar skýrsla þessi er gerð er ekki búið að birta ársreikning ársins 2018 og því ekki hægt að gera grein fyrir uppgjöri ársins í þessari skýrslu.
Undanfarin ár hafa verið skólanum fjárhagslega erfið en á árinu 2018 varð ákveðinn viðsnúningur og reksturinn ekki eins mikið í járnum og áður. Framlög á nemanda hafa hækkað og skólinn fékk svokallað fjárfestingarframlag sem hægt var að nýta í ýmis kaup á tækjum og tólum til skólans.
Í lok árs 2017 var samþykkt á Alþingi að veita auknu fjármagni til framhaldsskóla á árinu 2018 vegna efnisgjalda sem ekki lengur var heimild til að rukka nemendur um. Því voru breytingar á innheimtu efnisgjalda á árinu 2018 og einingagjald í fjarnámi lækkað til samræmis við það sem segir í lögum og reglugerðum.

Áfram þarf þó að huga vel að rekstri skólans sem á endanum kemur niður á námsframboði til nemenda. Nemendafækkun undanfarnar annir hefur haft áhrif á reksturinn og valdið talsverðum vanda sem meðal annars hefur verið leystur á þann hátt að ekki hafa verið ráðnir kennarar í stað þeirra sem hafa farið á eftirlaun eða farið í leyfi, nema í undantekningatilvikum. Er horft fram til þess að sú leið verði farin áfram svo fremi sem stætt verður á því.

Á árinu var haldið áfram að bæta þráðlaust net innan skólans og allt kapp lagt á þann hluta þar sem nemendur og kennarar nota í auknu mæli tæknina í námi og kennslu.

Öll prentun og ljósritun er í þjónustusamningi í gegnum rent-a-prent hjá Origo sem þjónustar skólann með allan tækjabúnað tengt prentun og ljósritun.

Eins og áður hefur verið bent á hefur niðurskurður í fjárveitingum til framhaldsskólanna komið hart niður á ýmsum þáttum í rekstri þeirra sakir þess hversu hátt hlutfall rekstrarfjár fer í að greiða laun og reka húsnæði. Þó svo að í reiknilíkani sé gert ráð fyrir ákveðinni hlutfallstölu í þágu kaupa á búnaði og tækjum í verknámsskólum hefur á undanförnum árum ekki verið neinn afgangur til þess að fjármagna nauðsynlega endurnýjun. Á þessu ári var þó borð fyrir báru til þess að endurnýja tölvubúnað til hluta starfsmanna og nemenda, endurnýjaðir voru skólar og borð í kennslustofum, keypt tæki til kennslu á matvælabraut tengt námi í matreiðslu, bættur tækjabúnaður á byggingadeild og í rafiðn. Þessar fjárfestingar í búnaði tóku mesta kúfinn af þeirri uppsafnaðri þörf sem komin var og verður vonandi hægt að halda áfram að bæta starfs- og námsaðstæður fyrir starfsfólk og nemendur.

Húsnæði

VMA er starfræktur í um 14,584 fermetra húsnæði að Hringteigi 2 á Akureyri. Um 80 kennslustofur eru í skólanum, líkamsræktarsalur, samkomusalir (Gryfja og M01) og skólabókasafn. Vinnurými og kaffistofa er fyrir kennara í A-álmu og inn á einstaka brautum og álmum. Mötuneyti er í skólanum fyrir nemendur sem starfsfólk hefur einnig aðgang að en jafnfram er boðið upp á hádegishlaðborð í mötuneyti starfsfólks. Rekstur mötuneytis hefur verið á vegum Matsmiðjunnar ehf sem tók við rekstri mötuneytisins vorið 2017.

Skólinn leigir húsnæði Íþróttahallarinnar á Akureyri og íþróttahús Naustaskóla til íþróttakennslu en mjög er þrengt að húsnæði sem skólinn getur nýtt til íþróttakennslu þar sem tímum sem skólinn fær aðgang að í Íþróttahöllinni hefur fækkað.
Helstu breytingar á húsnæði skólans á árinu voru þær að langþráð aðstaða fyrir nemendafélagið var tekið í notkun. Nýja aðstaðan er innangeng frá Gryfjunni og eykur það aðgengi nemenda að aðstöðu nemendafélagsins. Sett var upp ný búningsaðstaða fyrir starfsfólk mötuneytis og fyrir kvenkynsnemendur í málmiðngreinum. Aðstöðu í svokölluðu kaldarými við byggingadeild var breytt og þar sett upp geymsla fyrir aðföng og verkfæri sem bætir allt aðgengi og vinnusvæði. Sett var upp yfirbyggt hjólaskýli við austurinngang skólans. Skipt var um gler í gluggum á bókasafni og í Gryfju og að vanda voru nokkur rými skólans máluð. Skipt var út símkerfi og ekki eru lengur símtæki í kennslustofum. Unnin er viðhaldsáætlun fyrir húsnæði skólans og send til Ríkiseigna í lok hvers árs en sú stofnun sér um allt viðhald húsnæðisins.

Mannauður og starfsmannamál

Á haustönn 2018 voru 141 starfsmaður fastráðinn við skólann í um 126 stöðugildum, þar af 101 kennari. Fjarnámskennurum sem ekki kenna í dagskóla VMA hefur farið fækkandi og á haustönn var aðeins einn kennari fjarnámskennari. Allir kennarar við skólann eru með kennsluréttindi fyrir utan þrjá leiðbeinendur í iðngreinum, einn í dönsku og einn í forritun. Kynjahlutfall allra starfsmanna er nær jafnt, 47% eru konur og 53% karlar. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, tveir áfangastjórar (sem jafnframt hafa tekið verkefni verkefnastjóra gæðamála og skólanámsskrá, rekstar- og fjármálastjóri og þrír sviðsstjórar í 100% starfi hver. Auk þeirra starfa við stjórnun 11 brautarstjórar og níu fagstjórar í hlutastörfum og forstöðumaður bókasafns. Við nemendaþjónustu starfa tveir námsráðgjafar, viðburðastjóri, forvarnarfulltrúi, skólahjúkrunarfræðingur og sálfræðingur sem var ráðinn til starfa í 50% á haustönn 2018. Aðrir starfsmenn eru; bókhalds- og innheimtufulltrúi, tveir fulltrúar á skrifstofu skólans, starfsmaður á bókasafni, umsjónarmaður fasteigna, 11 þjónustuliðar og níu stuðningsfulltrúar. Formlegar starfslýsingar eru í gæðahandbók fyrir öll störf í skólanum.

Á vorönn 2018 var aðstoðarskólameistari í námsorlofi og tveir kennarar í launalausu leyfi. Á haustönn er einn kennari í námsleyfi og tveir kennarar í launalausu leyfi.
Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal á tveggja ára fresti en vegna mikilla anna hjá stjórnendum skólans voru fá starfsmannaviðtöl tekin á vorönn. Á haustönn fóru skólameistari og aðstoðarskólameistari á námskeið um breytt starfsmannaviðtöl og í kjölfarið var gerð breyting á viðtölunum. Skipulagi breytt og viðtölin áætluð á þriggja anna fresti og hélst skipulag haustannar.
Þegar núverandi skólameistari tók við stöðu skólameistara VMA í janúar 2016 voru gerðar breytingar í stjórnendahópnum sem fólu í sér að verkefni voru færð til milli stjórnenda en 100% staða í stjórnun sem fækkaði um með skólameistaraskiptunum hefur ekki enn komið til baka. Á árinu fór fram umræða um að bæta inn í stjórnun í skólanum en ákvörðun ekki tekin þar sem fjárhagsstaða skólans hefur ekki gefið tilefni til þess að fjölga stöðuhlutfalli innan stjórnunar en ákveðið að nýta meira aðkeypta sérfræðiþjónustu s.s. tengt fræðslu, stefnumótun, starfsþróun og líðan starfsmanna.
Félagslíf starfsmanna er öflugt og að vanda var farið í vor- og haustferðir og árshátíð haldin á Húsavík í janúar. Starfsfólk hefur aðstöðu til að stunda líkamsrækt í íþróttaaðstöðu skólans og hefur íþróttfélagið Haukurinn haldið utan um það starf. Fraukur hittast við hannyrðir og Sjónaukinn bauð upp á bíósýningar.

Kærleikskeðja mynduð utan um skólann í október 2018

Félagslíf nemenda

Starfsemi nemendafélagsins sneri fyrst og fremst að félagslífi nemenda. Á vorönn var haldin árshátíð og söngkeppni ásamt smærri viðburðum.
Leikfélag nemenda setti upp söngleikinn *Ávaxtakörfuna* í febrúar. Sýnt var í Hofi og fengu nemendur mjög góðar undirtektir og dóma. Guni Th. Jóhannesson forseti var viðstaddur frumsýninguna og var það mikill heiður fyrir nemendur og skólann.
Í apríl fóru fram svokallaðar *Skuggakosningar* en það er hluti af #Égkýs verkefninu sem er samstarfsverkefni ýmissa aðila með það að markmiði að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun í kjörklefanum í von um að kosningaþátttaka aukist. Skuggakosningar eru skólakosningar og eru settar upp eins og almennar kosningar, nú í fyrsta skiptið í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Megintilgangur þeirra er að þjálfa þau sem ekki hafa náð kosningaaldri í að kjósa og undirbúa þau sem hafa aldur til að kjósa í fyrsta sinn. Í aðdraganda kosninganna var haldinn framboðsfundur með fulltrúm stjórnmálaflokkanna í Gryfjunni undir stjórn nemenda og líflegar stjórnmálaumræður fóru fram.
Í apríl var haldið vorhlaup VMA og var góð þáttaka nemenda, starfsmanna og almennings. Skipulag var í höndum nemenda og kennara og er mikill metnaður lagður í að hafa hlaupið löglegt með því að skrá tíma með viðurkenndri tímatöku.
Á fyrstu dögum skólans að hausti var haldin nýnemahátið sem gekk afar vel í blíðskaparveðri. Farið var með nýnemahópinn að Laugum þar sem farið var í ýmsa leiki og grillað. Markmið nýnemaferðanna er fyrst og fremst hópefli fyrir nýnema og að gefa kennurum og nemendum tækifæri til að kynnast. Nemendafélagið kom að skipulagi leikja og tóku þátt í ferðinni með meira móti en hefur verið.
Hópur nemenda og kennara tók þátt í hinu svokallaða Flensborgarhlaupi á haustdögum sem samnefndur skóli hefur staðið að af miklum myndarskap í nokkur ár og hefð komin á að senda lið frá VMA.
Í október var haldin forvarnarvika og þar var mikil og góð virkni nemenda sem m.a. mynduðu svokallaða kærleikskeðju hringinn í kringum skólann. Nemendur í viðburðarstjórnun skipulögðu viðburði í nafni vímuefnaforvarna m.a. með því að fá fyrirlesara frá verkefninu *Ég á bara eitt líf,* skipulögðu tónleika og héldu bingó. Afrakstur vikunnar rann til verkefnisins *Ég á bara eitt líf* og minningarsjóðs Einars Darra.

Á haustönn hófst undirbúningur við gerð skólablaðsins Mjölnis sem kemur út næsta vor.
Þann 1. desember 2018 voru 100 ár liðin frá því að Ísland fékk fullveldi og var þeirra tímamóta minnst í Gryfjunni í október. Vandræðaskáld mættu á svæðið og gerðu úttekt á landi og þjóð á sinn skemmtilega hátt. Í tilefni dagsins voru nemendur og starfsmenn hvattir til að koma í skólann uppáklæddir á þjóðlegan hátt og urðu nokkrir við þeirri áskorun. Jafnframt voru kennarar hvattir til þess að flétta tímamótanna sem urðu árið 1918 inn í kennsluna á haustönn og var afraksturinn ýmis verkefni i skólanum.
Mæting á viðburði var almennt mjög góð og fer allt félagslíf nemenda fram án vímuefna. Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði þar sem þeir halda utan um hagsmuni nemenda. Þá komu nemendur að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.
Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn. Viðburðarstjóri starfar með nemendaráði að félagslífinu í samvinnu við stjórnendur. Á árinu var gott samstarf á milli nemendafélags og stjórnenda skólans.



Leikfélag nemenda setti upp Ávaxtakörfuna í Hofi í febrúar 2018

Þátttaka nemenda í ýmsum keppnum

Lið frá VMA tók þátt í fyrritækjamessu sem haldin er í apríl ár hvert þar sem nemendur í framhaldsskólum keppa í landskeppni ungra frumkvöðla. Eitt lið frá VMA komst áfram í úrslit en það fyrirtæki hannaði og setti á stofn fyrirtæki sem kallast *Býflugnafjölskyldan* sem er framleiðsla og markaðsetning á bývefjum sem notaðar eru í stað plastfilma utan um matvöru.

Í maí tóku Amelia Ósk Hjálmarsdóttir og Bergrós Vala Marteinsdóttir, útskrifaðir sjúkraliðar frá VMA, þátt í keppninni Nordic Skills í Health and Socialcare.

Keppnin fór fram í Osló í Noregi og gerðu þær sér lítið fyrir og hlutu 2. sæti í keppninni. Keppnisréttinn fengu þær Amelía og Bergrós þegar þær urðu Íslandsmeistarar í sjúkraliðagreinum á Íslandsmóti iðn- og starfsgreina vorið 2017.

Anna Kristjana Helgadóttir, nemandi í VMA, sigraði keppnina Ungskáld Akureyrar 2018. Keppnin er ritlistarsamkeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára á starfssvæði Eyþings – í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Anna Kristjana sendi fimm hugverk í samkeppnina og uppskar heldur betur vel, ljóðið hennar *Án titils* fékk fyrstu verðlaun og smásagan *Tækifærin* fékk önnur verðlaun.

Á haustönn hófst í fyrsta skiptið ef langt hlé, þjálfun *Gettu betur* liðs nemenda í VMA en keppnin fer fram í byrjun næsta árs.

Í október fengu fjórir nemendur í VMA, úthlutað styrkjum úr Hvatningarsjóði Kviku. Hvatningarsjóðurinn er samstarfsverkefni Kviku og Samtaka iðnaðarins og geta þeir nemendur sótt um styrki sem hafa að lágmarki lokið fyrsta ári í námi í löggiltum iðngreinum sem heyra undir Samtök iðnaðarins. Til úthlutunar komu 5 milljónir króna og fengu tíu nemendur styrki, þar af fjórir frá VMA. Styrkupphæðirnar eru frá 200 þúsund krónum upp í eina milljón og fékk einn nemandi í byggingagreinum eina milljón, einn nemandi í vélstjórnarnámi og annar í rafiðn 500 þúsund hvor og einn nemandi í vélstjórn 200 þúsund.

Anna Kristjana nemandi í rafiðn VMA (önnur frá hægri) Ungskáld Akureyrar 2018 ásamt dómnefnd og Tinnu Sif Kristínardóttur sem lenti í 2. sæti keppninnar.

Foreldrasamstarf

Tilgangur og markmið foreldrafélag VMA eru að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda, að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda, að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélags og starfsfólks skólans, að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega gagnvart bæði námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans og að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
Stjórn foreldrafélagsins hittist í þremur fundum á árinu og situr formaður í skólanefnd. Á árinu voru haldnir tveir fundir með foreldrafélagnu þar sem ýmiskonar kynning á starfsemi og þjónustu til nemenda fór fram. Námsráðgjafar, umsjónarkennarar, stjórn nemendafélagsins og stjórnendur kynntu m.a. skólastarfið fyrir foreldrum. Skólameistari sendi út á haustönn tvö fréttabréf og eitt á vorönn til allra foreldra/forráðamanna nemenda yngri en 18 ára þar sem ýmsum upplýsingum og fréttum var komið á framfæri við foreldra/forráðamenn.

Skólanefnd

Skólanefnd VMA sátu í á árinu Karl Frímansson formaður til nóvember 2018, Kristín Halldórsdóttir formaður frá nóvember 2018, Reynir B. Eiríksson, Hrafnhildur Karlsdóttir sem skipuð var í stað Albertinu Elíasdóttur sem fór úr nefndinni um áramót, Axel Grettisson og Sverre Jakobsson sem skipaður var af ráðherrra þegar Karl fór úr nefndinni. Fulltrúi starfsmanna var Snorri Björnsson fram í ágúst þegar Hörður Óskarsson kom í hans stað í nefndina. Fulltrúi foreldra á vorönn var Sigrún Sigurðardóttir og á haustönn Jón Hrói Finnsson. Fulltrúar frá Þórdunu nemendafélagi skólans mættu til skiptis á fundi en það voru Guðný Jónsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Ylfa María Lárusdóttir og Anna Kristjana Helgadóttir. Skólameistari situr alla fundi nefndarinnar ásamt aðstoðarskólameistara og rekstar- og fjármálastjóri er kallaður á fundi þar sem fjármál og rekstur eru rædd. Á árinu var fundað níu sinnum í skólanefnd VMA og fara fundirnir fram í VMA.

Heimsókn ráðherra

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra kom í heimsókn í VMA, 14. maí 2018. Ráðherra byrjaði á því að hitta starfsfólk skólans, ávarpaði hópinn og fékk margar spurningar sem aðallega lutu að rekstrarumhverfi skólans. Að fundi loknum fór Lilja um skólann í fylgd nokkurra úr kennara- og stjórnendahópnum. Heimsóknin var á þeim tíma sem fáir nemendur eru í skólanum vegna prófa en Lilja hitti nokkra nemendur sem voru í verklegum prófum. Því miður var tími ráðherra takmarkaður og náði ekki að skoða nema hluta af deildum skólans. Í lok heimsóknar afhenti skólameistari Lilju gögn um starfsemi skólans, fréttir af heimasíðunni sem sýna mikið og öflugt starf með nemendum, upplýsingar um verkefnið *Rjúfum hefðirnar*, upplýsingar um námsbrautir og úttekt á tölvubúnaði skólans, sem þarfnast mikillar endurnýjunar.

Lokaorð

Nemendur eru hornsteinn Verkmenntaskólans. Það að þeir þroskist, öðlist sjálfstraust, líði vel, tilheyri hópnum og tileinki sér ákveðna leikni, þekkingu og hæfni skiptir mestu máli. Til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda býður skólinn uppá fjölbreyttar námsleiðir, góða þjónustu og mikinn stuðning við nemendur. Jafnframt er skólinn mikilvægur í nærumhverfi sínu og leitast við að vera í góðu samstarfi við hagsmunaaðila í nærumhverfi skólans.
Gildi skólastarfsins og einkunnarorð skólans eru: *Fagmennska - Fjölbreytni - Virðing* og er það hlutverk allra sem starfa og nema við skólann að fylgja eftir þeim gildum sem skólinn starfar eftir.

Gjört á Eyrarlandsholti 21. júní 2019

Sigríður Huld Jónsdóttir
Skólameistari VMA